

„Náttúruhyggjan er rauði þráðurinn“

Ásta Kristjana Sveinsdóttir ræðir við Louise Antony

Louise Antony er prófessor í heimspeki við University of Massachusetts í Amherst og hefur áður kennt við Ohio State University, University of North Carolina í Chapel Hill, North Carolina State University, Bates College, Boston University og University of Illinois í Urbana-Champaign.

Antony lauk BA-prófi frá Syracuse University 1975 og doktorsprófi frá Harvard-háskóla 1981.

Hún er ritstjóri bókanna *Philosophers Without Gods* (Oxford, 2007), *Chomsky and His Critics*, með Norbert Hornstein (Blackwell, 2003) og *A Mind of One's Own: Feminist Essays on Reason and Objectivity*, með Charlotte Witt (Westview Press, 1993; önnur útg. 2002). Hún er höfundur fjölmargra greina í hugspeki, þekkingarfræði, málspeki og femínískri heimspeki, m.a. „Multiple Realization: Keeping it Real“ í *Being Reduced*, Jakob Hohwy og Jesper Kallestrup, ritstj. (Oxford, 2008), „Atheism as Perfect Piety“ í *Is Goodness without God Good Enough?*, Robert K. Garcia og Nathan L. King, ritstj., „For the Love of Reason“ í *Philosophers Without Gods*, „Everybody Has Got It: A Defense of Non-Reductive Materialism in the Philosophy of Mind“ í *Contemporary Debates in the Philosophy of Mind*, Brian McLaughlin og Jonathan Cohen, ritstj. (Blackwell, 2007), „The Socialization of Epistemology“ í *Oxford Handbook of Contextual Political Studies*, Robert Goodin og Charles Tilley, ritstj. (Oxford, 2006), „Because I Said So: Toward a Feminist Theory of Authority“ ásamt Rebecca Hanrahan, *Hypatia*, 20 (2005), „A Naturalized Approach to the A Priori“, *Philosophical Issues*, 14 (2004), „The Puzzle of Patriotism“, *Peace Review*, 15 (2003), „Who's Afraid of Disjunctive Properties?“, *Philosophical Issues*, 13 (2002), „Rabbit-pots and Supernovas: The Relevance of Psychological Evidence to Linguistic Theory“, í *The Epistemology of Language*, Alex Barber, ritstj. (Oxford, 2003).

Antony settist niður með mér þegar hún átti leið um San Francisco vorið 2009.

Hvernig fékkst þú áhuga á heimspeki?

Ég var í grunnnámi í Syracuseháskóla, þar sem ég ætlaði að leggja áherslu á tónlist – flautan var hljóðfærið mitt – og eins og gerist og gengur í BA-námi í Bandaríkjunum þurfti ég að taka valfög utan aðalgreinarinnar. Ég skráði mig í heimspekinámskeið hjá Peter van Inwagen og svo var ekki aftur snúið. Ég hafði alltaf verið mikið fyrir að rökræða, þannig að sumum í fjölskyldunni fannst nú nóg um, en hérna var ekki einungis leyft að rökræða heldur var beinlínis hvatt til þess. Ég var í sjöunda himni. Á öðru árinu dvaldi ég svo við nám í London, sem var mér mjög lærdómsríkt, bæði félagslega og heimspekilega. Á þessum árum hugsaði ég mikið um frumspekileg efni eins og það sem er mögulegt en aldrei er og verður, en líka um málspeki.

Og svo fyrstu í doktorsnám til Harvard. Hvernig var það?

Harvard var náttúrulega miðpunktur ákveðinnar tegundar af heimspeki á þessum tíma. Ég sat bæði tíma hjá Quine og var aðstoðarkennari hans í námskeiðinu fræga *Aðferðir rökræðinnar*. Aðalleiðbeinandinn minn, enda þótt það hafi verið mest á pappírnum, var Hilary Putnam. Ég lærði mikið af Warren Goldfarb og Jerry Fodor, sem þá var hjá MIT, og einnig mörgum af samnemendum mínum, t.d. Georges Rey og Joe Levine. Doktorsritgerðin fjallaði um merkingarkenningar, raunhyggju og íbyggni.

Þetta voru tímar þar sem náttúruhyggjan [naturalism] var í mikilli sókn, ekki síst fyrir tilstilli Quines. Hvernig komst þú að þeim straumum?

Ég var alin upp í kapólskri fjölskyldu en fór að efast um trúna þegar ég var komin í háskólann. Þegar ég varð trúnni afhuga varð leitin að sannleikanum fyrir mér leitin að því hvernig veruleikinn er, en snerist ekki um eitthvað yfirnáttúrulegt. Í stað siðaboðskapar kapólsku kirkjunnar leit ég svo á að mér bæri að trúna því sem satt væri og haga mér í samræmi við það hverjar staðreyndirnar væru. Náttúruhyggjan kom vel heim og saman við þetta þar sem gert var ráð fyrir því að hversdagsþekking væri í eðli sínu af sama toga og vísindapekking og að leit okkar að þekkingu væri einskorðuð við það sem við gætum sannreynt.

Þú heldur því þá fram að heimspeki sé eins og hver önnur þekkingarleit og að hún snúist um staðreyndir?

Ég hafna því að greinarmunur sé á spurningum sem snúist um staðreyndir og þeim sem snúist um eitthvað annað. Og, nei, ég trúi ekki á greinarmunninn á rök-sannindum og raunsannindum! [Og nú hlær hún við.]

Þegar þú segir að þér beri að trúna því sem satt er, hvaðan kemur sú kvöð?

Ég held nú ekki að fólk þurfi beint að trúna því sem satt er, sé það hugsað sem einhver kvöð sem sé óháð öðru því sem fólk metur að verðleikum. Enda þótt okkur beri að trúna því sem satt er í einhverjum skilningi, er ekki um að ræða réttnefndar kvaðir. Hugmyndir okkar um veruleikann eru réttar eða rangar (eða að

einhverju leyti réttar eða rangar) en eina skyldan sem við höfum til að gera okkur réttar hugmyndir um veruleikann er skylda nytseminnar: það er auðveldara fyrir okkar að lifa lífinu ef við gerum það (við rekumst síður á hluti o.s.frv.). Sama gildir um að hugsa rökrétt. Auðvitað metum við mörg það að verðleikum að hugsa rökrétt og trúa aðeins hinu sanna, en ef við gerðum það ekki, þá væri eina kvöðin á okkur komin frá nytjagildi þess.

Hvernig sérðu sambandið milli þess að trúa því sem satt er, hugsa rökrétt og breyta rétt?

Ég held að spurningar um rétt og rangt séu eins og hverjar aðrar spurningar um hvernig veruleikinn er í raun og veru. Þrælalald og helfarir og pyntingar eru röng alveg óháð því hvort lög í viðkomandi löndum leyfa þess háttar. Þvert á móti afnemum við þess háttar fyrirbæri vegna þess að þau eru röng. Það að þau eru röng er líka alveg óháð því hvað okkur manneskjnum finnst um það, á einhverjum tilteknum tíma, hvort sem það er í fornöld eða núna. Þetta er ólíkt því sem segja má um smekk. Það er huglægt hvort súkkulaði er gott eður ei. Hins vegar er ekkert huglægt við það hvaða siðferðilega eiginleika þrælalald hefur. Það er einfaldlega hlutlæg staðreynd að það er rangt.

Svo þú telur að til séu siðferðilegar staðreyndir, t.d. að þrælalald sé rangt, að helfarir og pyntingar séu rangar. Fylgir sögunni af hverju svo sé? Er þrælalald ef til vill rangt í sjálfu sér eða er það rangt vegna afleiðinganna sem það hefur, svo eitthvað sé nefnt?

Eins og þú veist er þetta nú ekki auðleyst mál [og nú brosir hún, vitandi að nú er stórt spurt] og síðan heimspékingar fóru að leita til annars en guðs eða guða sinna til að finna siðgildunum rætur hefur þetta verið eitt af þessum sígildu vandamálum heimspékinna. Eitt er ég viss um og það er að það að vísa í eitthvað yfirnáttúrulegt eins og guð eða guði er hvorki þarft, né hjálpar það á nokkurn hátt, ef við erum að leita að föstum grunni fyrir siðgildin okkar. Ef t.d. ástæðan fyrir því að við ættum ekki að pynta fólk væri sú að guðunum okkar væri það ekki þóknanlegt, þá væri alveg mögulegt að guðirnir gætu skipt um skoðun sísona og þá væru pyntingar bara allt í lagi. Svoleiðis gengur ekki. Þetta leiðir okkur beint í afstæðishyggju, enda þótt að þessu sinni sé hún háð duttlungum guðanna, en ekki duttlungum okkar mannfólksins eða samfélaga okkar. Ekki hjálpar heldur að segja að það sé guð eða eðli hans sem geri fyrirbæri eins og þrælalald rangt. Það mundi þýða að ef eðli guðs væri annað en það er, þá væri þrælalald ef til vill ekkert rangt.

Þrælalald er rangt vegna þess að það er óréttlátt og vegna þess að það veldur óþarfa þjáningu. Þetta er alveg óháð því hvort við höldum að það sé óréttlátt eða höldum að það valdi óþarfa þjáningu.

Og að valda óþarfa þjáningu, hvað er svona rangt við það?

Hér endar skýringarferlið. Það er einfaldlega rangt að valda óþarfa þjáningu. Þú verður hins vegar að átta þig á að þegar ég er að velta fyrir mér þessum spurningum er samhengið það hvort eitthvert samband sé á milli þess hvort guð eða guðir séu til og þess hvernig við getum gert grein fyrir siðferðisgildum. Hér á ég sérstaklega

við nýlega bók sem ég ritstýrði og er greinasafn trúlausra heimspekinga þar sem þessi efni eru til umræðu. Innlegg mitt þar er að það að vísa í tilvist guðs eða guða er hvorki þarft né rennir stöðum undir siðgildi okkar. Meira að segja held ég því fram að þeir sem trú á guð ættu að taka því fagnandi að siðgildin séu óháð því hvort guð er til, því að ef guð er algóður gefur það þeim siðferðilega ástæðu til að trú á guð. Það er hins vegar annað mál hvort skýring mín á því af hverju fyrirbæri eins og þrælalald er rangt er sannfærandi. Og eins og ég sagði hefur aðaláhersla mín ekki legið þar.

Það skil ég vel. Og það er þarft innlegg í umræðuna um tengsl trúar og siðferðis í Bandaríkjunum eins og þau mál standa nú. En það er ekki nóg með að þú takist á um tengsl trúar og siðferðis á opinberum vettvangi, þú hefur einnig um langt skeið kennt og skrifað um femíníska heimspeki. Hvernig sérðu sambandið milli þess sem þú ert að gera í hugspeki og þekkingarfræði og femínískri heimspeki?

Ég sé náð samband þar á milli. Sá partur af mér sem vildi fá að læra það sem ég vildi og rökræða eins og strákarnir og vera ekki bara þrúð og vel upp alin sér hversu gífurlega holl gagnrýni Quines var og heldur áfram að vera. Femínistinn spyr að hvaða leyti heimspekin sem slík og iðkun hennar sé kynjuð, þ.e. hlaðin kynjuðum gildum. Þar getur náttúruhyggja Quines verið mjög þarft innlegg og ég hef reynt að sýna fram á þetta í skrifum mínum, til dæmis í greininni „Quine as Feminist“. Náttúruhyggjan getur verið mjög gagnlegt tól, jafnvel þeim sem aðhyllast ekki sjálfir náttúruhyggju.

Vendum okkur nú að þeirri spurningu hvernig það hefur verið að vera kona í heimspeki, sérstaklega þar sem þú starfar í undirgreinum heimspekinnar þar sem lítið hefur verið um konur.

Ég var mjög heppin með það að þegar ég byrjaði í háskólanámi í heimspeki í Syracuse fann ég bara til velvilja og fékk mikla hvatningu, sérstaklega frá van Inwagen, sem hefur alla tíð stutt mig. Mun erfiðara var að vera í London, og svo þegar ég kom til Harvard. Sérstaklega þegar ég var að kenna sem aðstoðarkennari fannst mér ég ekki vera tekin alvarlega af nemendum. Heilmikið hefur verið rætt í femínískum fræðum um hvað þarf til til að halda uppi áhuga og aga í bekk og þar skiptir miklu máli að passa við eina af staðalmyndunum sem teknar eru alvarlega. Ein helsta staðalmynd heimspekings er skeggjaður karlmaður á miðjum aldri í tvídjakka, kannski með pípu. Ekki er auðvelt fyrir unga konu á þrítugsaldri að taka á sig þann búning! Annars voru tvær aðrar konur í námi í deildinni á sama tíma og ég, Joan Weiner, Fregesérfræðingur, og Jean heitin Hampton, sem var í stjórn málaheimspeki. Það var ekki það að ég yrði fyrir aðkasti eða augljósri mismunun. Ég áttaði mig hins vegar á því, þegar leið á námið, að strákarnir samstúdentar mínir þurftu ekki að hugsa um hvernig þeir gætu haldið uppi aga í bekknum. Þeir gátu komið hvernig klæddir sem var í tíma og þeir þurftu ekki að sýna vald sitt yfir bekknum með því að rökræða einhvern stúdent í kaf eða sanna einhverja rökfræðireglu uppi við töflu óundirbúið eins og ekkert væri.

Þannig að þú þurftir að sanna þig meira en samstúdentarnir?

Já, ég held það hafi verið annars vegar það, og hins vegar það sem við kennum við einsdæmi, og þó nokkuð hefur verið skrifað um að undanförunu. Það að vera einsdæmi í einhverjum hópi getur haft áhrif á andlegt ástand og árangur viðkomandi. Þetta er þegar einhver eiginleiki viðkomandi persónu er félagslega mikilvægur og tengist ákveðnum neikvæðum staðalmyndum eða gildum. Mér fannst ég vera loddari og beið alltaf eftir því að allir áttuðu sig á að ég ætti ekki heima í Harvard. Mér gekk vel í náminu, en leið illa. Ég varð þó ekki fyrir kynferðislegri áreitni eins og svo margar sem ég þekki. Sem betur fer var ég laus við það.

Hvað tók svo við að doktorsprófi loknu?

Við Joe [Levine] stóðum annars vegar frammi fyrir því sem kallast „the two body problem“ og hins vegar því að vera að stofna til fjölskyldu jafnframt því að kenna við stofnanir sem gáfu ekki kost á barnsburðarleyfi. Þetta var nú ekkert grín. Joe endasantist milli Boston University og Bates og á tímabili lét ég taka fyrirlestrana upp á myndband þar sem ég gat ekki mætt á staðinn og haldið þá. Sem betur fer vorum við mjög samstíga í uppeldinu og þessi tími leið. En ekki vildi ég upplifa hann á ný!

Og það kom ekki til greina að taka hlé á kennslu meðan á barneignunum stóð?

Nei, ég hefði aldrei fengið kennarastöðu með því móti. Það er mjög erfitt fyrir konur að koma aftur inn í akademíuna eftir að hafa tekið sér hlé. Akademískur frami er venjulega óhugsandi ef maður gerir það. Þetta er svipað og með vinnu- markaðinn almennt. Geri kona hlé á þátttöku sinni á vinnumarkaðnum er það svo að þegar hún kemur út á hann aftur gerir hún það á lægra þrepi en hún var á þegar hún fór. Og svo er náttúrulega vinna innan heimilis einskis metin þegar út á vinnumarkaðinn kemur. Þó nokkuð hefur verið skrifað seinustu áratugi um vinnu innan heimilisins og hlutverk hennar innan hagkerfisins í heild en við eigum langt í land með að meta hana að verðleikum.

Ég er farin að sjá greinilega tengslin á milli reynslu þinnar og fræðilega grunnsins og þess sem þú skrifar um!

Já, sumt af því sem ég skrifa um í fémínískri heimspeki er til komið af biturri reynslu sem ég vildi svo gjarnan að aðrir þyrftu ekki að upplifa. Og hvað varðar viðfangsefnin í trúarheimspeki, þá eru þetta spurningar sem hafa verið mér á vörum svo lengi sem ég man eftir mér. Náttúruhyggjan liggur í gegnum allt eins og rauður þráður og ég hef auðvitað eytt mestum hluta starfsævi minnar í að fást við viðfangsefni í málspeki, hugspeki og þekkingarfræði út frá náttúruhyggjusjónarmiði. Annars þrifa ég mig sæla fyrir að fá borgað fyrir að hugsa og skrifa og kenna. Það eru forréttindi á okkar tímum að fá að gera það.